

AUGLÝSING

um skiptingu Klofningshrepps í Dalasýslu milli Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps í sömu sýslu.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8 frá 18. apríl 1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að Klofningshreppi í Dalasýslu skuli skipt milli Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps í sömu sýslu. Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ráðuneytið hefur ákveðið eftirfarandi varðandi skiptinguna:

1. Jarðirnar Ballará og Melar í Klofningshreppi í Dalasýslu skulu frá 1. september 1986 teljast til Skarðshrepps í sömu sýslu en aðrar jarðir í Klofningshreppi skulu frá sama tíma teljast til Fellsstrandarhrepps.
2. Mörk Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps skulu breytast í samræmi við 1. tl.
3. Þeir sem eiga lögheimili á jörðum í Klofningshreppi 31. ágúst 1986, skulu frá og með 1. september 1986 vera íbúar í þeim hreppi, sem jarðirnar teljast þá til.
4. Nöfn Fellsstrandarhrepps og Skarðshrepps skulu haldast óbreytt eftir stækkun hreppanna.
5. Hinn 1. september n. k. taka Fellsstrandarhreppur og Skarðshreppur við eignum og skuldum, réttindum og skyldum Klofningshrepps í hlutfalli við þann fjölda íbúa, sem til þeirra flyst. Verði ágreiningur um þau skipti, skal úr honum skorið af 3ja manna gerðardómi. Hreppsnefnd hvors hrepps skal kjósa einn mann í dóminn, en ráðherra skipar oddamann.
6. Skjöl og bókhaldsgögn Klofningshrepps skulu afhendast Fellsstrandarhreppi til varðveislu.
7. Skipting Klofningshrepps tekur gildi 1. september 1986 og þá fellur niður umboð þeirra, sem kjörnir voru í sveitarstjórn Klofningshrepps í kosningunum 14. júní 1986.
8. Sveitarstjórnarkosningar skulu fara fram í Fellsstrandarhreppi og Skarðshreppi 8. nóvember 1986. Kjörtímabil hinna nýju sveitarstjórna er til næstu almennra sveitarstjórnarkosninga.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1986.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs, hefur verið ákveðin stöðvunarskylda á Flókagötu gagnvart umferð um Lönguhlíð.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. ágúst 1986.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. ágúst 1986.

Böðvar Bragason.